

samþykki beggja málaðila, og stefnda þá veittur 4 vikna frestur til andsvara. Hinn 28. apríl, er málið átti þar næst að takast fyrir var mætt af hálfu áfrýjanda, en þá kom það í ljós, að dómur hafði verið kveðinn upp í málinu 7. s. m., með því að hjerads-dómarinn, er hafði skjöl málsins í sínum vörslum, hafði eigi veitt því eftirtekt að málið hafði verið tekið upp að nýju. Hefir áfrýjandi gjört þá kröfu hjer fyrir rjettinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að lagt verði fyrir undirdómarann að taka málið upp að nýju í því ástandi, sem það var hinn 31. mars þ. á. þegar málið var endur-upptekið.

Þessa kröfu ber að taka til greina.

Málskostnaðar fyrir hæstarjetti hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og ber undirdómaranum að taka málið fyrir að nýju í því ástandi, sem það var hinn 31. mars þ. á.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Föstudaginn 28. okt. 1927.

Nr. 32/1927. **Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. dánarbús Jóns Þorsteinssonar á Bíldudal (Enginn).

Um útsvarsskyldu dánarbús.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu
2. desbr. 1926: Krafa Suðurfjarðarhrepps um 250 kr. útsvars-

kröfu á hendur dánarbúi Jóns Þorsteinssonar Bíldudal frá 1923, eða aðrar slíkar kröfur, verða ekki teknar til greina, við endanleg skifti búins.

Dómur hæstarjettar.

Þann 22. júlí 1921 andaðist Jón skipstjóri Þorsteinsson að heimili sínu Bíldudal í Suðurfjarðarhreppi, og ljét hann eftir sig eignir, er að virðingu námu um 30 þúsund krónur. Dánarbú hans var tekið til opinberra skifta og tók skiftaráðandi Barðastrandarsýslu eigur búins undir umsjá sína og ráðstöfun. Áfrýjandi máls þessa, hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, lagði aukaútsvar á dánarbúið fyrir fardagaárið 1921—22 og 1922—23 og greiddi skiftaráðandinn útsvörin fyrir hönd dánarbúsins, enda átti dánarbúið þessi ár hluta í þilskipi, er gekk á fiskiveiðar. Haustið 1923 lagði hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps enn aukaútsvar á dánarbúið fyrir fardagaárið 1923-24 að upphæð 250 kr., en nú neitaði skiftaráðandiinn að greiða útsvarið úr dánarbúinu og haustin 1924 og 1925 lagði hreppsnefndin enn sama útsvar á dánarbúið og neitaði skiftaráðandinn einnig að greiða þau útsvör. Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps krafðist þá með brjefi dags. 27. maí 1926 úrskurðar um það, hvort útsvörin skyldu greiðast úr búinu, og fjell úrskurður skiftarjettarins um kröfuna 2. desbr. f. á. á þessa leið: »Krafa Suðurfjarðarhrepps um 250 kr. útsvarskröfu á hendur dánarbúi Jóns Þorsteinssonar Bíldudal frá 1923 eða aðrar slíkar kröfur verða ekki teknar til greina við endanleg skifti búins«.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 13. apríl þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 2. s. m. og hefir hreppsnefndin fengið gjafsókn fyrir hæstarjetti og

sjer skipaðan talsmann þar. Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt fyrir stefnda, en enginn mætti af hans hendi, er málið skyldi flutt og hefir það því verið flutt þar skriflega samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Hinn skipaði talsmaður áfrýjanda hefir gjört þær rjettarkröfur fyrir hæstarjetti, að hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur Suðurfjarðarhrepps fyrir fardaga-árin 1923—24, 1924—25 og 1925—26, að upphæð samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbúsins. Svo hefir hann og krafist, að sjer verði dæmd hæfileg málssóknarlaun og að áfrýjanda verði til-dæmdur málskostnaður fyrir hæstarjetti eins og málið eigi væri gjafsóknarmál.

Eins og áður hefir verið sagt átti Jón heitinn Þorsteinsson heimili í Suðurfjarðarhreppi, er hann andaðist og verður að lita svo á, að dánarbú hans eigi einnig heimilisfang í hreppnum meðan það er undir opinberri skiftameðferð. Þótt dánarbú það, er hjer ræðir um, falli ekki beinlínis undir upptalninguna í 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922 á þeim er útsvarsskyldir eru, en það hefir haft tekjur af eignum sínum, þykir næg heimild til þess eftir eðli málsins, að telja það útsvarsskylt. Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps var því samkvæmt nefndri lagagrein heimilt að leggja aukaútsvar á dánarbúið fyrir framangreind 3 fardagaár, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða skiftarjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur áfrýjanda fyrir framan-

greind 3 ár, samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbúsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða kaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, er ákveðst 80 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður er úr gildi feldur og er lagt fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur áfrýjanda fyrir framangreind 3 fardagaár, samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbús Jóns Þorsteinssonar frá Bildudal.

Stefndi, skiftaráðandi Barðastrandarsýslu f. h. dánarbús Jóns Þorsteinssonar, greiði kaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málflytningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 80 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps lagði á dánarbú Jóns heitins Þorsteinssonar á Bildudal útsvar 1923, 250 krónur, og krafðist fá þetta greitt af búinu, en af hálfu skipaðs talsmanns þess, neitar hann að greitt verði af búinu hið umrædda útsvar, með því það sje lagt á lögum gagnstætt.

Af skjölum málsins er það sýnilegt að sýslunefnd og stjórnarráð hefir vísað þessu máli frá sjer til aðgjörða dómstólanna, og þar sem skiftaráðandi er sömu skoðunar, að þessu leyti, að þar sem mótmæli hafi komið fram um, að greiða kröfuna úr búinu, bresti hann heimild til að skylda búid til greiðslunnar, með því

ekki sje sannað eða sýnt fram á, að nefnt útsvar sje lagt á samkvæmt ákvæðum laga 10. nóv. 1905, 36. gr., hvorki að því er búsetu snertir eða atvinnurekstur innan hjeraðsins, og virðist því ekki eins og stendur, að krafa hreppsnefndarinnar um greiðslu útsvarsins úr dánarbúinu verði tekin til greina, við úthlutun eða endanleg skifti búans.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 75/1927

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Fritz Just (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglujettar Reykjavíkur 8. sept. 1927: Kærður, Fritz Just, greiði 12500 króna sekt í landhelgisjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru um borð í botnvörpangnum „Julius Wettering“ P. G. 334 sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullaægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem getur í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi og ekkert verulegt pykir athuga-vert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar sje talinn frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. hvorum.